

Mismunandi sviðsmyndir svæðisins

Óbreyttar aðstæður



Ef utanaðkomandi aðstæður haldast óbreyttar og umhverfið fær að þróast í sömu átt og seinustu áratugi er hægt að álykta að einhver breyting verði. Hitastig hefur hækkað um sirka 2°C sl. áratugi og hefur gróður þ.a.l. stækkað og vaxið hraðar. Gott dæmi um það er að nú er hægt að fara til berja í Hvalfirði sem ekki var hægt áður. En með hækkandi hitastigi hækka tré og runnar líka og jarðlægarí plöntur gjalda fyrir það og eiga mun erfiðara með að vaxa. Þó græða sumar plöntur þar sem magn koltvísýrings í loftinu eykst og nýtist það þeim vel. Annað áhyggjuefni er hækkun sjávarmáls og hefur Borgarbyggð áhyggjur að bráðnun Langjökuls muni spila þar stórt hlutverk.



Ef allt fer á versta veg

Ef allt fer á versta veg tel ég að ástæðan hafi verið annað hvort eitthvað að mannavöldum eða þá náttúrulegt. Auðvelt er að ímynda sér það náttúrulega, náttúruhamfarir eins og eldgos, jarðskjálftar, gróðurelda eða skriða en af mannavöldum er það aðeins erfiðara.



Á versta veg væri t.d. að breyta opnu dölunum í sumarbústaðalóðir svo ekki hægt væri að labba um án þess að horfa inn um glugga, virkja árnar, einkavæða náttúruperlurnar, láta merkar minjar fara í niðurniðslu.

Einnig yrði sorglegt að sjá fallega dali breytta í golfvelli og bílastæði.

Ekki ólíklegt að tískuhótel risu og virkjanir myndu lita dagsins ljós.

Ef náttúruhamfarir s.s. eldgos yrði í grenndinni eða á svæðinu yrði mikil hætta t.d. á eiturgufum, jökulhlaupum og öskufalli. Gróður ætti erfitt uppdráttar, dýralíf minnka eða hverfa, fólk færi og þ.a.l. myndu bæir leggjast í eyði. Eins ef miklar skriður yrðu, eins og hætta er á, sitthvoru megin við Lundaarreykjadal.



Bestu mögulega aðstæður

Ef allt fer á besta veg myndi fólk nýta sér nýjar og spennandi afþreyingar sem draga fram áhugaverða hluti hvers svæðis, t.d. jarðhita og sögu Reykholtisdals, náttúrulega fegurð Flókadals sem er bland af viðáttunni, smávatnanna og aflíðandi hlíða sem skapa mikla kyrrð og ró, áhugaverða áningarstaði og jarðmyndanir svo sem hraunlagastafla í Lundaarreykjadal og svo vatnafarið og fossana í Skorradal. Störf skapast og fólksfjöldinn eykst án þess að svæðið verði einungis fyrir þá ríku og valdamiklu sem vilja einnoka sér fegurðina.




Landið varðveitt í sinni náttúrulegustu mynd þar sem rask yrði sem minnst og náttúran fengi að njóta sín óspillt. Allir græða.

Eyðibýli fengju á sig ný hlutverk og innviðir sem eru á svæðinu nú þegar myndu blómstra.



Hafa þarf í huga að staðsetja hluti með tilliti til þess að stór partur svæðisins er votlendi.




Vindasamt er á þessu svæði og er því mikilvægt að hafa áningarstaðinn að einhverju leyti í skjóli frá vind.

Áningarstaður

Staðsetning

Á degi tvö á gönguleiðinni er komið við á jörð sem kölluð er England. Á henni eru margir litlir hverir sem gaman er að skoða. Lítil laug er á svæðinu en í hana renna Englandshverir. Þessi laug er mikilvæg þar sem hún hefur mikið menningarlegt gildi. Þar lærði fólk úr sveitinni í kring að synda. Hún er orðin frekar döpur nú til dags og er því tilvalið að hanna eitthvað í kring sem fær fólk til þess að koma og skoða þessa þýðingamiklu laug.







1: 300

Hönnunin


Skýringarlykill




Bilastæði sett við veginn til að fólk í lauginni fái sem mestann frið. Stæðin eru stór svo rúta geti komið, lagt þvert og samt myndi vera pláss fyrir aðra bíla.




Innkeyrslan er lokuð af með keðju svo fólk fari ekki inn á svæðið en þeir sem þurfa að komast í hitaveituskúrinn geta það.




Hitaveituskúr




Bæta þurfti brúnna yfir Tunguá og bætir ný göngubrú aðgengi að svæðinu en með réttu efnisvali er haldið í kennileiti svæðisins.



Nýja laugin nýtir vatnið sem rennur úr þeirri gömlu. Einfaldur malarstigur bætir aðgengið að þeim báðum.




Tvær gerðir að skjólveggjum. Ein gerðin veitir skjól en hinn er líka hannaður sem skiptaðstaða.



Nýja brúin notast við sömu stólpa og sú gamla en það þyrfti að bæta við festingum í klettana hvoru megin.


Efnisval í grindina er stál en timbur í gólfíð. Handriðin eru úr ryðfríu stáli.



Laugn er úr hlöðnum steinum og steypu. Vatnið rennur úr gömlu laugina í hana og þaðan í vaðlaugina

Vaðlaugin er steypd með lerki bekk. Hún er fullkomin fyrir þreytta göngugarpa.





Jarðvegur sem tekin er til að koma lauginni fyrir skal vera notaður til þess að fylla í landið hjá vaðlauginni